

# Smiðja 6

7. og 8. bekkur 22. mars - 22. apríl

## Myndlist - Fjarvídd og mylla

**Kennarar:** Vilma og Silla

Í þessari smiðju verða unnin tvö verkefni.

**Verkefni 1:** Mylluspil verður útbúið í jarðleir, brennt og málað.

**Verkefni 2:** Spannandi verkefni unnið í fjarvídd.

**Hæfniviðmið:** Að nemendur geti

- mótað hlut á sjálfstæðan hátt í jarðleir með ýmsum aðferðum
- unnið með hugtakið fjarvídd og nýtt sér sjónhæðarlínu og hvarfpunkt í mynd

**Námsmat:** Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér að ofan.



## Textíll – Góðgerðarsmiðja

**Kennari:** Ingibjörg

**Verkefni:** Sauma grjónapoka fyrir Sorgarmiðstöð Íslands. Þrjóna bangsa fyrir verkefnið Sjúkrabílabangsar.

**Hæfniviðmið:** Að nemendur geti

- saumað beinan saum og víxlsaum
- farið eftir einfaldri þrjónauppskrift
- öðlast færni að þrjóna í hring

**Námsmarkmið:** Að nemendur

- læri að fara eftir uppskrift
- kunni að fitja upp og þrjóna sléttþrjón
- geti bjargað sér í saumavél

**Námsmat:** Símat er í hverjum tíma þar sem gefið er fyrir vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði, verkfærni og samskipti. Í lok námskeiðsins er gefið í bókstöfum samkvæmt aðalnámskrá og merkt í hæfniviðmið í Mentor.

## Hönnun og smíði - Skurðarbretti

**Kennari:** Ingólfur

Í þessari smíðju smíðum við skurðarbretti fyrir eldhúsið úr húspurri furu. Við vinnum eftir verkáætlun, gerum vinnuteikningu, veljum efni, límum, sögum og verkum yfirborð svo úr verður fallegur smíðagripur sem nýtist fyrir heimilið.

**Hæfniviðmið:** Að nemendur geti

- valið og notað viðeigandi verkfæri
- valið samsetningu og yfirborðsmeðferð við hæfi
- framkvæmt flóknari samsetningar



**Námsmat:** Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér að ofan.

## Tæknismiðja

**Kennari:** Eydís

**Staður:** Stærðfræði 2

Í þessari smíðju nýtum við okkur ólíka tækni, lærum, leikum og gerum tilraunir. Nemendur læra að hanna vegg- og fatalímmiða sem þeir skera út með vinylskera, þeir læra líka um þrívíddarhönnun í gegnum teikniforrit og prenta út hluti sem þeir hafa skapað. Að lokum geta nemendur valið um verkefni og tækni til þess að vinna með en þar má nefna legó og forritun auk fyrrnefndra tækja.

## Leiklist

**Kennari:** Álfheiður

**Staður:** Íslenskustofa

Á þessu námskeiði ætlum við að nýta okkur ýmsar aðferðir leiklistar til að dýpka skilning okkar á okkur sjálfum, mannlegu eðli og samskiptum. Leikur og sköpun munu skipa stóran sess á námskeiðinu og við munum gera alls kyns æfingar, fara í leiki, spinna, skrifa örleikrit sem við flytjum hvert fyrir annað og ýmislegt fleira sem tengist leiklist.

**Hæfniviðmið:** Að nemendur geti

- tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi
- unnið í hópi að fjölbreyttum leiklistarverkefnum
- prófað sig áfram og valið úr túlkunarleiðum á mismunandi tegundum texta

**Námsmat:** Metin er vinna og þátttaka í tímum þar sem vinnusemi, ábyrgð, umgengni og samskipti eru til grundvallar. Í lok námskeiðs verða hæfniviðmið metin og gefin einkunn samkvæmt námskrá.

## Íþróttir

**Kennari:** Villi

**Staður:** Íþróttasalur

**Markmið og verkefni:** Að bjóða upp á eitthvað við allra hæfi

Markmið smíðjunnar er að bjóða upp á eitthvað við allra hæfi þar sem farið verður í fjölbreyttar

Íþróttir og ýmislegt prófað, þar á meðal glænýir leikir. Þó verður einnig heimsótt sívinsæla leiki á við Counter strike og Hunger Games.

**Námsmat:** Námsmat er í formi símats og frammistöðumats og gefið er í bókstöfum. Til grundvallar námsmati eru eftirfarandi þættir metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði, framkoma og umgengni.